

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

F U N D A R G E R Ð

177. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, föstudaginn 19. febrúar 2016 kl. 10:30.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi Gámaþjónustunnar til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. dags. 17.02.16.

Gámaþjónustan býður til leigu 2 lokaða hrægáma á kr. 1.300 pr. dag. Ákveðið að skoða hvort hagstætt sé að kaupa gáma til þessara nota.

Gámaþjónustan býður til sölu gámabíl, sem staðsettur er á Strönd fyrir kr. 2 milljónir +vsk. Ákveðið að láta skoða ástand bílsins áður en ákvörðun um kaup verður tekin.

Gámaþjónustan býður til leigu krókgáma sem nýttir eru á móttökusvæðinu á Strönd.

Gámaþjónustan tilkynnir að þeir geti ekki lengur tekið á móti brotajárni, þar sem verð á því hafi hríðfallið.

Gámaþjónustan býðst til að leggja fram tillögur um nýtingu á umhleðsluhúsinu á Strönd.

Stjórn Sorpstöðvarinnar ákvað að taka upp viðræður við Gámaþjónustuna varðandi þau atriði sem koma fram bréfi þeirra.

2. Lagt fram til kynningar svar til Sláturfélags Suðurlands vegna urðunar á áhættuvefjum.
3. Brennsluofn fyrir dýrahæ.
Fram kom að ofn til þessara nota muni kosta um 7 milljónir. Ákveðið var kanna hvort grundvöllur sé fyrir að setja upp slíkan ofn á Strönd.
4. Fyrirspurn og erindi frá Rangárþingi ytra varðandi möguleika á að starfrækja nytjagám á Hellu eða Sorpstöðinni á Strönd. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11,30